

Fundargerð 214. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	miðvikudagur 9. janúar 2019
Fundartími:	13:30 – 15:20
Fundarmenn:	Árni Eiríksson Rósa Matthíasdóttir Hrafnkell Guðnason Margrét Jónsdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt að bæta við dagskána lið 11. j) Fundargerð almannavarna og lið 13. Önnur mál: lið a) Erindi frá Umf. Þjótanda, b) Erindi frá Skipulagsstofnun, c) Húsnæðismál Flóaskóla og c) tímasetning næsta sveitarstjórnarfundar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 168, dags. 12.12.2018

a) Þingborg (166286): Umsókn um byggingarleyfi: Bílskúr mhl 02 – viðbygging, geymsla – 1811066

Fyrir liggur umsókn Flóahrepps dags. 29.11.2018 móttekin sama dag um byggingarleyfi til að byggja geymslu við bílskúr mhl. 02 skv. þjóðskrá Íslands á lóðinni Þingborg (L166286) í Flóahreppi (Krakkaborg).

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti byggingarleyfi, þar sem fyrir liggur samþykki nágranna.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndarinnar með 5 atkvæðum.

b) Grænhólar lóð 1 Inr. 218185: Íbúðarhús, skemma og gistihús: Lögbýli – Deiliskipulag 1708017

Lögð fyrir fund að lokinni kynningu (frá 28. febrúar til 16. mars 2018) skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr 123/2010, tillaga og umhverfisskýrsla að deiliskipulagi 9,8 ha spildu í Grænhólum í Flóahreppi, þar sem gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítil gistihús, auk þess að stofna lögbýli á landspildunni. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillögurnar og umhverfisskýrslu/greinargerð og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögur og umhverfisskýrslu/greinargerð með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 4.mgr. 40 gr. skipulagslaga.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18 – 9 1 -1811007F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. desember 2018.

2. Samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um kjarasamningsumboð

Lagðar fram upplýsingar og samkomulag um uppfærslu á kjarasamningsumboði Flóahrepps til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna þeirra stéttarfélaga sem starfsmenn Flóahrepps eru aðilar að. Mun Samband íslenskra sveitarfélaga á grundvelli umboðsins annast allar kjaraviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningum og annast útgáfu þeirra í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Vinna að framkvæmd einstakra þátta samninganna á samningstímanum eins og við á og túlka og aðstoða sveitarfélagið/stofnunina við framkvæmd þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag með 5 atkvæðum.

3. Tilnefningar Flóahrepps skv. fyrirbyggjandi erindum:

a) Fulltrúi Flóahrepps í vatnasvæðanefnd

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið Flóahreppur tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Samþykkt með 5 atkvæðum að fela Eydís Þ. Indriðadóttur sveitarstjóra að sitja fundi nefnarinnar f.h. Flóahrepps

b) Fulltrúi í vatnasvæðanefnd úr umhverfis- eða náttúruverndarnefnd Flóahrepps

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið Flóahreppur tilnefni fulltrúa úr Umhverfisnefnd sveitarfélagsins í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Samþykkt skv. tilnefningu atvinnu- og umhverfisnefndar að fela formanni atvinnu- og umhverfisnefndar Ingunni Jónsdóttur að sitja fundi vatnasvæðanefnar f.h. Flóahrepps. Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Tengiliður Flóahrepps við Markaðsstofu Suðurlands

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir að Flóahreppur tilnefni sérstakan tengilið við stofuna.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vera tengiliður við Markaðsstofu Suðurlands f.h. Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Frá Þjóðskrá Íslands – misræmisskráningar, lögheimili

Erindi frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir afstöðu Flóahrepps varðandi misræmisskráninga á 10 lögheimilum í Flóahreppi. Í erindinu kemur fram að það þarf að leysa úr misræmi milli fasteignaskrár og húsaskrár í Þjóðskrá.

Í erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið taki ákvörðun um rétta skráningu þeirra fasteigna sem eru í fylgiskjali með bréfi þessu. Í tveimur tilfellum eru skráðir íbúar á lögheimilum sem ekki tengjast staðfangi og finnast í skrá yfir húseignir.

Óskað var í tölvupósti til Þjóðskrár eftir fresti til þess að afgreiða málið vegna óska skipulagsfulltrúa um samræmt vinnulag þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að UTU. Skráningu 22 eigna hefur þegar verið breytt af Þjóðskrá og viðkomandi aðilar fengið tilkynningu um málið frá Þjóðskrá.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til að loknum fræðslufundi sem haldinn er að frumkvæði UTU, með fulltrúa frá Þjóðskrá, 11. janúar n.k. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í ljósi upplýsinga sem fram koma á fræðslufundinum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Frá Þjóðskrá Íslands – Landfræðileg upplýsingagögn sveitarfélaga

Frestað erindi á 213. fundi sveitarstjórnar. Þjóðskrá Íslands hefur á undanförunum árum unnið að því að safna hnitsettum eignarmörkum inn í stafrænan gagnagrunn og er yfirferð og innfærsla hnitsettrar afmörkunar nú fastur liður í skráningarferli landeigna. Þannig er að byggjast upp landeignaskrá þar sem unnt er að skoða áreiðanleg gögn í landfræðilegu samhengi við aðrar landeignir. Óskað er eftir því í erindinu við Flóahrepp að sveitarfélagið gefi heimild til afhendingar á þeim stafrænu gögnum sem til eru um afmörkun landeigna í gagnagrunni, eigindir og eigindalýsingar ásamt heimildum til frekari miðlunar gagnanna. Flóahreppur frestaði afgreiðslu erindins og óskaði álits persónuverndarfulltrúa á áhrifum samþykktar þess og liggur álit hans fyrir sbr eftirfarandi:

„Þjóðskrá heldur utan um fasteignaskrá, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Í skránni skal skrá allar fasteignir á landinu. Kjarni fasteignaskrár eru upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra. Fasteignaskrá er grundvöllur þinglýsingabókar fasteignar (þó er ekki alltaf samræmi þar á milli). Samkvæmt 14. gr. framangreindra laga er gerð krafa í dag þegar fasteign er stofnuð að skilað sé inn afmörkum fasteignar á hnitsettum uppdretti. Þetta var ekki krafa áður. Þessi vinna snertir því löggjöf á sviði eignaréttar þar sem hún varðar afmörkun fasteigna.

Um er að ræða upplýsingar sem einstaklingar eða lögaðilar gætu almennt nálgast hjá viðkomandi sveitarfélögum á grundvelli upplýsingalaga og strangt tiltekið ætti þetta ekki að baka sveitarfélögum neina ábyrgð svo framarlega sem Þjóðskrá gæti að því líkt og greint er frá í erindinu að uppruni gagna verði sérstaklega merktur og greint verði á skýran hátt milli staðfestra og óstaðfestra afmarkana. Tilgangurinn er að einfalda aðgengi að þessum

upplýsingum í gegnum miðlægan gagnagrunn. Það má samt benda á að því er ósvarað hvernig færi ef mistök yrðu gerð við skráningu gagna hjá Þjóðskrá og hvaða þýðingu slíkt hefði í eignarréttarlegu tilliti. Í slíkum tilvikum verður þó ekki séð að sveitarfélög yrðu gerð ábyrg fyrir því.

Í fljótu bragði verður þannig ekki séð að afhending slíkra upplýsinga frá Flóahreppi til Þjóðskrár og skráning þeirra í hinn miðlæga gagnagrunn hafi í för með sér breytingar á aðgengi að upplýsingunum miðað við það sem áður er rakið um að allir ættu að geta nálgast þessar upplýsingar hjá sveitarfélögum á grundvelli upplýsingalaga. Mikilvægt er engu að síður að greina rétt frá uppruna gagna og hvort ytri mörk fasteigna séu staðfest eða óstaðfest.“

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með fyrirvara um ofangreint, fyrirliggjandi erindi með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá HSK styrkbeiðni - útgáfa heimildarmyndar

Erindi frá HSK þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið taki aftur til afgreiðslu ósk um 30.000 kr. framlag til útgáfu á heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á sambandssvæði HSK. Innifalin í styrkupp hæð eru 5 eintök af mynddiski með heimildarmyndinni .

Erindinu fylgir yfirlit yfir kostnað við verkefnið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum. Styrkurinn bókast á lið nr. 0684-4120.

7. Fjárbæiðni Stígamóta fyrir árið 2019

Lagt fram erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna rekstursins. Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2019.

Sveitarstjórn samþykkir framlag kr. vegna ársins 2019 kr. 50.000. Bókast á lykil nr. 0285-4120.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Flóaljós – upplýsingagjöf

Farið hefur verið yfir stöðu á fjárhag verkefnisins við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2019 og í vinnu við gerð viðauka sbr. bókun nr. 6 á 213. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags.

05.12.2018. Einnig hefur verið farið yfir fjárhag verkefnisins á vinnufundi sveitarstjórnar og verkefnisstjóra Flóaljóss dags. 11. desember. Fyrir liggur að verðfyrirspurnir vegna efniskaupa hafa leitt til hagstæðari verða en í upphafi var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun verksins. Ekki liggur hins vegar fyrir hver endanlegur kostnaður verður vegna efniskaupa því ennþá eru að berast umsóknir um nýjar tengingar frá sumarhúsaeigendum, nýjum íbúum og fyrirtækjum sem kalla á meiri efniskaup sem því nemur.

Verkinu miðar vel áfram og tókst að ljúka fyrsta áfanga á árinu 2018. Útreiknaður kostnaður vegna fyrsta áfanga er undir kostnaðaráætlun. Vinna er hafin að loknum jólaaleyfum hjá verktökum sem standa að framkvæmdum og er unnið á svæði sem tilheyrir áfanga 2.

Verkefnisstjóra og eftirlitsmanni Flóahrepps á vettvangi Flóaljóss eru færðar þakkir fyrir gott utanumhald um verkefnið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Til umsagnar:

a) Umsókn um tækifærisleyfi fyrir Félagslund 26. – 27. janúar

Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir félagsheimilið Félagslund vegna þorrablóts dags. 26.- 27. janúar 2019. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfa, 417. mál

Lagt fram til kynningar.

c) Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál

Lagt fram til kynningar

d) Tillaga til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019 – 2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál

Lagt fram til kynningar.

e) Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt

Lagt fram til kynningar.

- f) **Starfshópur um endurskoðun kosningalaga tekur til starfa – umsagna óskað**
Lagt fram til kynningar.

10. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

11. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 213, dags. 05.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Oddvitanefndar UTU dags. 31.10.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Stjórn UTU nr. 57, dags. 12.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 274, dags. 13.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Aðalfundar HES dags. 19.10.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 192, dags, 05.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Stjórnar SASS nr. 540, dags. 07.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 865, dags. 30.11.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 866, dags. 14.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Almannavarna Árnassýslu nr. 1. fundur dags. 19.10.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Efni til kynningar:

- a) **Upplýsingar um námskeið og fundi fyrir sveitarstjórn og starfsmenn í janúar 2019**
- b) **Frá Umf. Þjótanda – Uppgjör ársins 2018**
- c) **Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafna**
- d) **Hnausholt - Tilkynning frá aðstoðarmanni skipulagsfulltrúa vegna nafngiftar**
- e) **Afstaða stjórnar SOS vegna endurnýjunar á þjónustusamningi við Sorpu bs.**
- f) **Merkurhraun 6 – tilkynning um að starfsemi sé hætt skv. útgefnu rekstarleyfi II**
- g) **Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – Eftirlit í Félagsheimilinu Þjósárveri**
- h) **Verkefni sveitarstjóra í desember 2018**

13. Önnur mál:

- a) **Erindi frá Baldri Gauta Tryggvasyni fyrir hönd Ungmennafélagsins Þjótanda**
Lagt fram erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda þar sem óskað er eftir afslætti eða niðurfellingu á húsaleigu á Félagsheimilinu Þingborg vegna þorrablóts. Skv. gjaldskrá greiða þeir aðilar sem standa að Þorrablótunum í félagsheimilum í sveitarfélaginu sem nemur 945 kr af hverjum seldum miða í húsaleigu.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að leggja fram styrk til þorrablótanna kr. 50.000 í Félagsheimilunum Þjósárveri, Félagslundu og Þingborg. Tekið er fram að þarna er um að ræða bókun sem gildir aðeins fyrir árið 2019 og ekki sjálfgefið að sveitarfélagið standi undir því ef halli verður á þorrablótum.
Samþykkt með 5 atkvæðum
- b) **Erindi frá Skipulagsstofnun – Beiðni um umsögn - frestur til 21. janúar**
Sveitastjóra falið að óska eftir fresti á afgreiðslu fram yfir febrúarfund sveitarstjórnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) **Flóaskóli staða mála**
Í ljósi upplýsinga frá Eflu verkfræðistofu varðandi rakaskemmdir í elsta hluta Flóaskóla mun sveitarstjórn boða eftirtalda aðila til fundar til þess að fara yfir skýrslu Eflu og taka ákvörðun um næstu skref í málinu: Fulltrúa frá Eflu, Formann fræðslunefndar, skólustjóra Flóaskóla, umsjónarmann fasteigna og húsvörð Flóaskóla. Fundartími verður ákveðinn í samráði við þessa aðila.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Tímasetning næsta sveitarstjórnarfundar:**

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 6. febrúar klukkan 8:30.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)